
Fjarskipti hf.

Samandreginn árshlutareikningur
samstæðunnar

1. janúar til 31. mars 2016

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Fjárhagslegar lykiltölur	4
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjáryfirlit	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar við samandreginn árshlutareikning	10

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Fjarskipta hf. og dótturfélags þess, P/F Kall í Færeyjum og hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf. Árshlutareikningur samstæðunnar 1. janúar til 31. mars 2016 hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Nýju samfélagsverkefni, Fjarskiptastoð Vodafone, var hleypt af stokkunum á fyrsta fjórðungi ársins. Fyrirtækið mun útluta allt að 100 fjarskiptatengingum á ári til verkefna sem stuðla að uppbyggingu í íslensku samfélagi til að mynda til nýrra fyrirtækja, nýsköpunar og annarra mikilvægra verkefna. Félagið kynnti nýja heildarlaun á markaði í mars mánuði, Vodafone ONE sem býður hverjum viðskiptavini sérsníðna fjarskiptalaun að hans þörfum. Einnig kynntu Fjarskipti hf. og Startup Iceland, Stökkpallinn nýja viðskiptaþróunarkeppni til leiks, þar sem áhersla er lögð á að styðja frumkvöðla í að þróa vörur og koma þeim á markað.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu tekjur samstæðunnar af seldum vörum og þjónustu 3.295 millj. kr. (3.251 millj. kr. 1.1 til 31.3.2015). Hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu nam 198 millj. kr. (236 millj. kr. 1.1 til 31.3.2015). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 15.654 millj. kr. (15.474 millj. kr. 31.12.2015). Eigið fé samstæðunnar þann 31. mars 2016 nam 6.673 millj. kr. (9.079 millj. kr. 31.12.2015). Eiginfjárlutfallið 31. mars 2016 var 42,6% (58,7% 31.12.2015). Þar af nam hlutfé 2.703 millj. kr. (3.270 millj. kr. 31.12.2015).

Á stjórnarfundum 17. febrúar 2016 var samþykkt ný endurkaupaáætlun á eigin bréfum. Samkvæmt áætluninni máttu endurkaup félagsins nema að hámarki 100 millj. kr. að kaupvirði á tímabilinu 18. febrúar til 17. mars 2016. Endurkaupin samkvæmt framangreindri endurkaupaáætlun námu 21.687.000 kr. að nafnverði og kaupverði 100 millj.kr.

Á aðalfundi félagsins þann 17. mars 2016 var samþykkt arðgreiðslustefna fyrir félagið. Stefnt er að því að greiða hluthöfum arð og/eða framkvæma endurkaup eigin hluta sem nemur 30-60% af hagnaði eftir skatta í samræmi við gildandi lög og reglur hverju sinni. Samþykkt var að lækka hlutfé félagsins um 90.951.640 kr. að nafnverði eða sem nemur 9.095.164 hlutum á grundvelli VIII kafla laga nr. 2/1995, um hlutfélög, til jöfnunar eigin hluta. Ennfremur var samþykkt að lækka hlutfé með greiðslu af eigin fé til hluthafa þess, að fjárhæð kr. 2.500 millj kr. Lækkun nafnverðs nemur 545 millj. kr. og lækkun yfirverðs nemur 1.955 millj. kr. Framkvæmd lækkunar miðast við 20. apríl 2016 og stefnt er að greiðslu til hluthafa fyrir 29. apríl 2016 og er skuldbinding til hluthafa færð meðal langtímaskulda 31. mars 2016. Nafnverð hlutfjár félagsins stendur í 2.703 millj. kr. eftir lækkunina.

Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. mars 2016 ásamt rekstrarafkomu hennar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2016.

Stjórn og forstjóri Fjarskipta hf. hafa í dag fjallað um samandreginn samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2016 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. apríl 2016

Í stjórn:

Heiðar Guðjónsson, stjórnarformaður
Hildur Dungal
Hjörleifur Pálsson
Vilmundur Jósefsson
Yngvi Halldórsson

Forstjóri:

Stefán Sigurðsson

Fjárhagslegar lykiltölur

	2016	2015	2015	2014
	1F	1F		
Fjárhagsupplýsingar				
Heildartekjur	3.295	3.251	13.724	13.236
Rekstrarhagnaður	324	395	1.931	1.785
Hagnaður fyrir tekjuskatt	247	298	1.604	1.363
Hagnaður	198	236	1.287	1.094
Hagnaður á hlut	0,70	0,70	3,86	3,22
Fjárfestingar	259	309	1.560	1.576
Handbært fé frá rekstri	573	539	2.853	2.479
Frammistöðumat				
EBITDA tímabilsins	668	719	3.237	3.092
EBITDA hlutfall tímabilsins	20,3%	22,1%	23,6%	23,4%
Frjálst fjárlæði (FCF)** tímabilsins	388	326	1.673	1.293
Nettó vaxtaberandi skuldir	6.210	4.584	3.923	4.571
Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA	1,9 *	1,4 *	1,2	1,5

* EBITDA síðastliðinna 12 mánaða

**Frjálst fjárlæði samanstendur af handbæru fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt að frádregnum fjárfestingahreyfingum.

Rekstrarreikningur

1. janúar til 31. mars 2016

	2016 1F	2015 1F
Seldar vörur og þjónusta	3.295	3.251
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	(1.754)	(1.740)
Framlegð	1.541	1.511
Rekstrarkostnaður	(1.217)	(1.116)
Rekstrarhagnaður	324	395
Fjármunatekjur	11	8
Fjármagnsgjöld	(88)	(105)
Hrein fjármagnsgjöld	(77)	(97)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	247	298
Tekjuskattur	(49)	(62)
Hagnaður tímabilsins	198	236
Hagnaður á hlut	0,70	0,70
Þynntur hagnaður á hlut	0,70	0,70

Yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 31. mars 2016

	2016 1F	2015 1F
Hagnaður tímabilsins	198	236
Önnur heildarafkoma		
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags	(4)	(45)
Heildarafkoma tímabilsins	194	191

Efnahagsreikningur

31. mars 2016

	31.3.2016	31.12.2015
Fastafjármunir		
Rekstrarfjármunir	4.371	4.444
Óefnislegar eignir	7.213	7.229
Eignahlutur í hlutdeildar- og öðrum félögum	11	12
Skatteign	156	199
Fastafjármunir samtals	11.751	11.884
Veltufjármunir		
Birgðir	471	347
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	2.873	2.823
Handbært fé	559	420
Veltufjármunir samtals	3.903	3.590
Eignir samtals	15.654	15.474
Eigið fé		
Hlutfé	2.703	3.270
Yfirverðsreikningur hlutfjár	696	2.651
Þýðingarmunur	145	149
Óráðstafað eigið fé	3.129	3.009
Eigið fé	6.673	9.079
Langtímaskuldir		
Vaxtaberandi skuldir	6.473	4.047
Tekjuskattsskuldbinding	40	40
Langtímaskuldir samtals	6.513	4.087
Skammtímaskuldir		
Vaxtaberandi skuldir	296	296
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	2.065	1.907
Fyrirframinnheimtar tekjur	77	80
Tekjuskattur til greiðslu	30	25
Skammtímaskuldir samtals	2.468	2.308
Skuldir samtals	8.981	6.395
Eigið fé og skuldir samtals	15.654	15.474

Eiginfjáryfirlit

1. janúar til 31. mars 2016

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Þýðingar- munur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
1.1. til 31.3. 2015					
Eigið fé 1.1.2015	3.362	2.973	227	1.941	8.503
Eigin hlutir	(4)	(9)	-	-	(13)
Arðgreiðsla	-	-	-	(219)	(219)
Heildarafkoma tímabilsins	-	-	(45)	236	191
Eigið fé 31.3.2015	3.358	2.964	182	1.958	8.462

1.1. til 31.3. 2016

Eigið fé 1.1.2016	3.270	2.651	149	3.009	9.079
Eigin hlutir	(22)	-	-	(78)	(100)
Hlutafjálækkun	(545)	(1.955)	-	-	(2.500)
Heildarafkoma tímabilsins	-	-	(4)	198	194
Eigið fé 31.3.2016	2.703	696	145	3.129	6.673

Sjóðstreymisýfirlit

1. janúar til 31. mars 2016

	2016	2015
	1F	1F
Hagnaður tímabilsins samkvæmt rekstrarreikningi	198	236
Aðlögun vegna		
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	255	242
Afskriftir óefnislegra eigna	89	82
Hrein fjármagnsgjöld	77	97
Tekjuskattur, breyting	49	62
Veltufé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt	668	719
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		
Birgðir, breyting	(125)	(61)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting	(48)	(80)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting	155	36
Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting	(3)	21
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt	647	635
Innborgaðar vaxtatekjur	11	8
Greidd vaxtagjöld	(85)	(104)
Greiddir skattar	-	-
Handbært fé frá rekstri	573	539
Fjárfestingarhreyfingar		
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(188)	(197)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(71)	(112)
Fjárfestingarhreyfingar	(259)	(309)
Fjármögnunarhreyfingar		
Endurkaup á eigin hlutum	(100)	(13)
Greiddur arður	-	(219)
Tekið nýtt lán	-	200
Afborganir langtímalána	(74)	(115)
Fjármögnunarhreyfingar	(174)	(147)
Breyting á handbæru fé	140	83
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(1)	(11)
Handbært fé í ársbyrjun	420	528
Handbært fé í lok tímabilsins	559	600

Sjóðstreymisyfirlit frh.

1. janúar til 31. mars 2016

	2016 1F	2015 1F
Handbært fé í lok tímabils	559	600
Fjármögnun án greiðsluáhrifa		
Hlutfjárhlækkun	(2.500)	-
Skuld við hluthafa vegna hlutfjárhlækkunar	2.500	-
Handbært fé í lok tímabils	559	600

Skýringar

1. Félagið

Fjarskipti hf. ("félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru í Skútuvogi 2, Reykjavík. Meginstarfsemi félagsins er á sviði fjarskipta. Samandreginn samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2016 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélags þess, P/F Kall í Færeyjum og hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf., sem vísað er til í heild sem „samstæðunnar“.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga.

Hann inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum árshlutareikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2015. Hægt er að nálgast ársreikning Fjarskipta hf. á heimasíðu félagsins www.vodafone.is. og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn félagsins staðfesti og heimilaði birtingu árshlutareikningsins þann 27. apríl 2016.

3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningur samstæðunnar er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

4 Mat stjórnenda í reikningsskilum

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og foresendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

a. Ákvörðun gangvirðis

Hluti af reikningsskilaaðferðum og skýringum samstæðunnar krefjast ákvörðunar á gangvirði, bæði vegna fjármálagerninga og annarra eigna og skulda.

Að svo miklu leyti sem hægt er, notar samstæðan markaðsupplýsingar við ákvörðun gangvirðis en liggi slíkar upplýsingar ekki fyrir er byggt á mati stjórnenda. Ef upplýsingar frá þriðja aðila, líkt og verð frá miðlurum eða verðmatsþjónustu, eru notaðar við ákvörðun gangvirðis þá nýta stjórnendur upplýsingarnar til að styðja þá niðurstöðu að matið uppfylli kröfur um alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), þar á meðal það stig sem slíkt mat myndi falla undir.

Gangvirðið er flokkað í þrjú stig eftir forsendum sem notaðar eru við matið:

- Stig eitt byggir á skráðu verði á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.
- Stig tvö byggir á beinum eða óbeinum markaðsforsendum sem eru aðrar en skráð verð á virkum markaði sem flokkast undir stig eitt.
- Stig þrjú byggir á forsendum og gögnum sem ekki er unnt að afla á markaði.

Skýringar, frh.:

5. Starfsþáttayfirlit Rekstrarstarfsþættir

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir eðli rekstrar og byggja á skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

Samstæðan skiptist í sex starfsþætti sem selja vörur og þjónustu á mismunandi mörkuðum. Starfsþættirnir eru:

Farsími samanstendur af öllum tekjum vegna notkunar á farsímum, þ.m.t. gagnaflutningum í farsímakerfinu, áskriftartekjum frá einstaklingum og fyrirtækjum, seldum frelsisinnæignum, reikitekjum frá ferðamönnum og samtengitekjum í farsíma.

Internet samanstendur af tekjum af netþjónustu í fastlínukerfum, þ.m.t. á ljósleiðara, xDSL þjónustu og öðrum gagnatengingum.

Fastlína samanstendur af tekjum vegna notkunar á heimasíma, fyrirtækjasíma í fastlínu og samtengitekjum í fastlínu.

Sjónvarp samanstendur af tekjum af dreifingu á báðum sjónvarpsdreifikerfum Vodafone, leigutekjum af myndlyklum og tekjum af leigu einstakra kvikmynda og þátta (TVOD), tekjum af áskriftarveitu Vodafone (SVOD), tekjum af áskriftum að línulegum stöðvum og tekjum af sölu einstaka sjónvarpsviðburða.

Vörusala samanstendur af sölu á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum.

Aðrar tekjur samanstanda af þjónustutekjum og leigu á endabúnaði.

Rekstrarstarfsþættir	Farsími	Internet	Fastlína	Sjónvarp	Vörusala	Aðrar tekjur	Jöfnunar-færslur	Samtals
1.1. til 31.3.2016								
Tekjur frá þriðja aðila	1.085	914	324	479	307	186	-	3.295
Innri tekjur	-	(1)	6	0	0	17	(22)	0
Tekjur samtals	1.085	913	330	479	307	203	(22)	3.295
Óskipt rekstrargjöld								(2.627)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)								668
Afskriftir								(344)
Hrein fjármagnsgjöld								(77)
Tekjuskattur								(49)
Hagnaður tímabilsins								198
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags								(4)
Heildarafkoma tímabilsins								194
Óskiptar eignir 31.3.2016								15.654
Óskiptar skuldir 31.3.2016								8.981
Fjárfestingar tímabilsins 1.1.2016 til 31.3.2016								259

Skýringar, frh.:

5. Starfsþáttayfirlit, frh.:

Rekstrarstarfsþættir	Farsími	Internet	Fastlína	Sjónvarp	Vörusala	Aðrar tekjur	Jöfnunar-færslur	Samtals
1.1. til 31.3.2015								
Tekjur frá þriðja aðila	1.120	839	377	423	351	141	-	3.251
Innri tekjur	-	2	10	-	3	11	(26)	0
Tekjur samtals	1.120	841	387	423	354	152	(26)	3.251

Óskipt rekstrargjöld								(2.532)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)								719
Afskriftir								(324)
Hrein fjármagnsgjöld								(97)
Tekjuskattur								(62)
Hagnaður tímabilsins								236
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags								(45)
Heildarafkoma tímabilsins								191

Óskiptar eignir 31.12.2015 **15.474**

Óskiptar skuldir 31.12.2015 **6.395**

Fjárfestingar tímabilsins 1.1.2015 til 31.3.2015 **309**

Landsvæðisskipting

Tekjur samstæðunnar greinast þannig eftir landsvæðum:

1.1. til 31.3.2016	Ísland	Færeyjar	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila á tímabilinu	2.919	376	3.295
EBITDA á tímabilinu	605	63	668
Eignir starfsþátta í lok tímabilsins	14.428	1.226	15.654
Fjárfestingar tímabilsins	239	20	259

1.1. til 31.3.2015

Tekjur frá þriðja aðila á tímabilinu	2.814	437	3.251
EBITDA á tímabilinu	626	93	719
Eignir starfsþátta 31.12.2015	14.268	1.206	15.474
Fjárfestingar tímabilsins	262	47	309

Skýringar, frh.:

6. Önnur mál

Fjarskipti hf. („félagið“) á í málarekstri við einstaklinga, önnur félög og eftirlitsstofnanir á íslenskum fjarskiptamarkaði. Félagið færir skuldbindingar og/eða kröfur vegna málareksturs þegar hægt er að meta framtíðar greiðslur og ávinning með áreiðanlegum hætti. Vegna óvissu um framtíðarþróun málarekstrar, niðurstöður dómsmála, úrskurði, áfrýjanir og sættir í málum geta niðurstöður mála leitt til viðbótar skuldbindinga og kostnaðar fyrir félagið.

Sex einstaklingar hafa stefnt félaginu vegna tjóns sem þeir telja sig hafa orðið fyrir vegna innbrotspjófnaðar erlends tölvuhakkara á heimasíðu Fjarskipta hf. í nóvember 2013 og í kjölfarið dreifingu þjófins og annarra á hinum stolnu gögnum. Samanlögð stefnufjárhæð er um 113 millj. kr., auk vaxta og málskostnaðar. Aðalmeðferð fimm málana hefur farið fram og Héraðsdómur Reykjavíkur kvað upp dóma í þeim þann 26. apríl 2016. Niðurstaða héraðsdóms var sú að Fjarskipti hf. var sýknað af kröfum tveggja stefnenda en var dæmt skylt til að greiða þremur þeirra skaðabætur, samtals að fjárhæð 2,7 millj. kr. auk vaxta og málskostnaðar. Að öðru leyti vísast til kauphallartilkyningar Fjarskipta hf., dagsett 26. apríl 2016.

Félagið hefur höfðað dómsmál gegn 365 miðlum hf. (áður IP fjarskipti ehf.) til greiðslu skuldar fyrir veitta þjónustu á tímabilinu maí 2012 til janúar 2013, að fjárhæð 44 milj. kr. auk dráttarvaxa. Aðalmeðferð málsins er fyrirhuguð seinni hluta ársins 2016. Í tengslum við sama ágreining höfðuðu 365 miðlar hf. mál gegn félaginu til riftunar á nánar tilteknum fjarskiptasamningum og viðurkenningar á skaðabótakröfu vegna meintrar ólögmætrar riftunar. Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði Fjarskipti hf. en 365 miðlar hf. hafa áfrýjað þeirri niðurstöðu til Hæstaréttar.

Félagið hefur stefnt Símanum hf. vegna ólögmæts verðþrýstings og nemur stefnufjárhæð í málinu ríflega 900 milljónum króna. Síminn hf. gagnstefndi félaginu og nemur stefnufjárhæð Símans hf. um 2.500. millj. kr. Dómkvaddir matsmenn eru nú að störfum og aðalmeðferð málanna hefur ekki verið ákveðin.

Að síðustu má geta þess að félagið á í margháttar ágreiningi við Símann hf. fyrir stjórnvöldum og dómstólum vegna sjónvarpsmála. Má þar nefna ágreining um skráningu og notkun á vörumerkinu Tímaflakk og lögbann sem Síminn fékk lagt á við því að félagið taki upp og miðli sjónvarpsefni Skjás eins með línulegum og ólínulegum hætti. Á hinn bóginn hefur Póst- og fjarskiptastofnun tekið stjórnvaldsákvörðun þess efnis að bann fjölmiðlalaga við því að fjölmiðlaveitan (Skjárinn) beini viðskiptum að eigin fjarskiptanetum (Símanum/Mílu) taki jafn til línulegs og ólínulegs efnis.

Á þessum tímamarki getur félagið ekki metið framtíðar skuldbindingar eða kröfur sem leiða af niðurstöðum ofangreinds málareksturs meðal annars vegna þess að það getur tekið langan tíma að fá niðurstöður í mál ásamt því að mál geta tekið breytingum og þróast í ólíkar áttir. Vegna þessa hefur engin skuldbinding né krafa verið færð í árslutareikning félagsins.